

Mótt: 15/1 1957.

Skógarvörður umdæmisins.

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ  
=====

1956.  
=====

Suðurlandsumdæmi.

### 1. Almennt yfirlit:

Laufgun í birkiskjólbeltunum á Tumastöðum var 24, maí, en lauffall 19. september.

Sumarið var fremur gott, en vöxtur þó ekki nema í tæpu meðallagi. Veturinn frá áramótum var mildur, en frá október til áramóta var úrkomu og rokasamt.

Maður gerði varla vart við sig að heitið gæti.

Starfsfólk á árinu var í jan. febr. marz og apríl einn maður, í maí 9 karlar og 16 konur, í júní og júlí 8 karlar og 20 konur, í ágúst sept. 6 karlar og 9 konur, í okt. nóv. og des. 2-3 karlar og ein kona.

### 2. Girðingar:

Lokið var að endurgirða Svínatungur á Þórsmörk. ~~2,3 km~~ 2,3 km

Þjórsárdal, Skarfaness og Þórsmörkurgirðingum var haldið við eins og undanfarin ár.

### 3. Skógarhögg:

Í sept. og okt. var grisjað í Skarfanessi og limið flutt að Tumastöðum og notað til vetrarumbúnaðar á smáplöntum.

#### 4. Gróðrarstöð:

a) Almennt yfirlit. Bætt var við 272 m<sup>2</sup> af vermigluggum og eru þá til 1142 m<sup>2</sup>. Af sáðkössum voru smíðaðir 990 m<sup>2</sup>.

Keyptur var jarðtætari, sem tengdur er við Fergusondráttarvélina og er það hið besta verkfæri. Einnig var fenginn lítill tætarei, sem sparar mjög vinnu við hreinsun á götum og skjólbelum.

Mygla gerði aðeins vart við sig í 1/C plöntum og varð tvívegis að taka allan vetrarumbúnað af til að komast fyrir hana.

Plöntur sem dreifsettar voru vorið 1955 uxu lítið sem ekkert í sumar og kenni ég það vatnsfúa í rótum plantna frá sumrinu 1955.

Holklaka varð lítið sem ekkert vart.

Vinna hófst í gróðrarstöðinni 1. maí og lauk um mánaðarmót nóv, des.

b) Áburður. Alls var ekið rúmum 100 tonnum af húsdýraáburði í reitinn. Áburðarmagn var hið sama á hverja 100 m<sup>2</sup> og síðastliðið ár, eða um 1500 kg. húsdýraáburður, 6 kg. 33 1/2 % N. 9 kg. 45% P. og 9 kg. 50% K. Auk þess var öllum dreifbeðsplöntum vökvað með áburðar upplausn.

c) Jarðvinnsla. Unnið var að stækkun reitsins fyrir sunnan og neðan gróðurhús. Plægð var spilda 40 m. breið og 200 m. löng. Fullunnir voru 240 m<sup>2</sup> og ekið í það sandi og húsdýraáburði.

Hnausalokræsi sem gerð voru í gróðrarstöðina fyrir 10 árum eru víða orðin stífluð og var töluvert unnið að því að hreinsa þau.

d) Sáningar.

✓ Sitkagreni 108-100-54 Cordova	9,0 kg.	270 m <sup>2</sup>
✓ Sitkagreni 109-100-54 Juneau	2,0 v -	40 -
✓ Blágreni 2003-3000-55 Sapinero	1,5 -	75 -
✓ Brodd og blágreni 2050-3100-55 Sapinero	1,5 -	75 -
✓ Brodd og blágreni 2050-3100-54 Sapinero	2,0 -	100 -
✓ Rauðgreni 3405-100-51 Nord-Helgeland	4,0 ✓ -	140 -
✓ Fjallapínur 901-3000-55 Sapinero	3,0 -	60 -
✓ Hvítþínur 2400-3000-55 Sapinero	2,0 -	40 -
✓ Fjallapöll 604-100-54 Lawing	0,3 -	9 -
✓ Skógarfura W-100-1938 parti 708	5,0 -	175 -
✓ Kontortafura 1002-3200-54 Skagway	0,6 -	21 -
✓ Lerki N6 13 Tommot, Yakutsk	0,95 ✓	25 -
✓ Lerki Yarensk, Arkhangelsk	0,4 ✓	8 -
✓ Birki 001-100-55	11,0 -	330 -
✓ Gráelri S-100-54 Rognan Salten	0,5 -	15 -
Sitkagreni Prufa Nr. 8 1956	(0,73 -	14 -
(Sitkagreni) Prufa Nr. 9 1956	0,7 -	14 -
Svartgreni Prufa Nr. 12 1956	0,02 -	1,5-
Balsamþínur Prufa Nr. 22 1956	?	6 -
Balsamþínur Prufa Nr. 21 1956	?	6 -
Fjallapínur Prufa Nr. 35 1956	1,0 -	10 -
	Samt.	<u>1434 m<sup>2</sup></u>

Hand T.

Sitkagreni 108-100-54 Cordova

2,5 - 100 -

Birki 001-100-55 Bejrat

3,0 - 100 -

*spriat ehli*

\*) 401-100-51 = var allt sent til Einn. Seem.  
1956

e) Dreifsetning. Á Tumastöðum.

✓ <sup>Lerki</sup> Broddgreni 2100-2400-52 Sapinero 2/0	36.000 stk.	✓
✓ Skógarfura 3003-100-47 Troms-strönd 3/0	34.000 -	✓
✓ Sitkagreni 102-100-52 Seward 2/0	158.000 -	✓
✓ Sitkagreni 102-100-50 Seward <del>2/2</del> 1/2	25.000 -	✓
✓ Sitkagreni Mac-Leod 2/2	5.000 -	✓
✓ Sitkabastarður 401-100- <del>51</del> <sup>52</sup> Lawing 2/0 ✓*)	124.000 -	✓
✓ Sitkabastarður Lawing 2/2	1.000 -	✓
✓ Rauðgreni 3403-100-51 Rana 2/0	176.000 -	✓
✓ Rauðgreni 3404-100-51 Sör-Helgeland 2/0 vor	77.000 -	✓
✓ Rauðgreni Bindal 2/2	19.000 -	✓
✓ Rauðgreni Fellingfors 2/2/2 <sup>líkt, s. 49</sup>	2.000 -	
✓ Fjallapöll Mac-Leod 3/2	2.000 -	
✓ Lerki 3601-1200-53 Altai 2/0	8.000 -	✓
✓ Hvítgreni 308-100-53 Rabbit Creck 2/0	3.000 -	✓
	Samt. <u>670.000</u> stk.	
Alaskaösp	6.000 -	
Rússnesk ösp	1.100 -	
Rússneskur víðir	800 -	
Pingvíðir	2.500 -	
Gulvíðir	3.200 -	
Vesturbæjarvíðir	400 -	
Selja	250 -	
Viðja	320 -	
Heggur	200 -	
Rifs	850 -	
	Samt. <u>15.620</u> stk.	
í Norðtungu.		
Broddgreni 2100-2400-52 Sapinero 2/0	8.000 -	
Kontortafura 1001-250-53 Skagvay 2/0	5.000 -	
Rauðgreni 3403-100-51 Rana 2/0	8.000 -	
Sitkagreni 102-100-52 Seward 2/0	5.000 -	
	Samt. <u>26.000</u> stk.	

Ann. sät birki 1955 8kg i 250m<sup>2</sup>  
do hauskát 3 - 100 -

f) Plöntur til dreifsetningar 1957.

Rauðgreni 3405-100-51 Nord-Helgeland 2/0	120	140.000	stk.
Brodd og blágreni 2050-3100-54 Sapinero 2/0	100	73.000	-
Hvítbinur 2400-3000-54 Sapinero 2/0	20	3.000	-
Marþöll 700-100-54 Cordova 2/0	10	7.000	-
Fjallapöll 604- ? -54 Lawing 2/0	20	8.000	-
Gráfura 2650-3300-54 Salida 2/0	40	16.000	-
Broddfura 2200-3500-54 Salida 2/0	4	1.000	-
Kontortafura 1002-3200-54 Sapinero 2/0	5	5.000	-
Kontortafura 1001-250-53 Skagway 2/0	40	50.000	- <i>líkast 54?</i>
Kontortafura 1001-250-53 Skagway 3/0	9	15.000	- <i>líkast</i>
Sitkabastarður 401-200-51 Lawing 2/0 <i>fróttur Pass</i>	40	25.000	-
Sitkabastarður 400-200-54 Lawing 2/0	100	71.000	-
Sitkagreni 109-100-54 Mendenhalljökull 2/0	80	76.000	-
Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/0	135	371.000	-
Sitkagreni 101-100-50 Mac-Leod 2/0 <i>(Hawke's Bay)</i>	15	40.000	-
Rússalerki 3651-150-54 Arkangelsk 2/0	34	16.000	-
Skógarfura 3006-100-47 S.-Salten 2/0	60	35.000	-
Skógarfura 3005-100-38 Troms-hlíðar 3/0		28.000	-
Skógarfura 3008-100-47 Borelv Rövik 3/0		6.000	-
Samt.		986.000	-

Lauftré og græðlingar.

Elri 4200-200-54 Rognan 2/0	58	3.000	stk.
Elri Lawing 3/0		2.000	-
Álmur		1.000	-
Reyniviður Múlakot		2.000	-
Alaskaeppli Múlakot		3.000	-
Seljureynir Múlakot		3.000	-
Gráreynir Múlakot		1.000	-

g) Afhentar plöntur. 1956  
Skógarplöntur.

✓ Skógarfura Troms-strönd 3/0	12.500 stk.
✓ Skógarfura Troms-strönd (2/2) 3/27.	46.000 -
✓ Rauðgreni Fellingfors 2/2 <i>sat 1949 3,25 kg</i>	29.000 -
✓ Sitkagreni Mac-Leod 2/2	5.500 ✓ -
• Sitkagreni P. Pakenham 2/2	2.000 ✓ -
✓ Sitkagreni Lawing 2/2 <i>Alh.</i>	8.000 -
✓ Sitkagreni Seward <del>2/2</del> 1/2	52.000 - ✓ X
✓ Birki 2/2	12,500 - ✓
✓ Lerki 2/0 Altai	500 -
✓ Lerki Hakaskoja 2/2	3.800 -
Blágreni sent frá Hall. 2/2	2.200 -
Hvítgreni sent frá Hall. 2/2	2.500 -
Samt.	<u>176.500 -</u>
	V 700
	<u>171.800</u>

? *Fjallabætur MacLeod 3/2*  
Garðplöntur.

/ Birki	817 stk.
✓ Reyniviður	977 -
Pingvíðir	172 -
Rifs	229 -
Sitkagreni	61 -
Blágreni	30 -
Rauðgreni	27 -
Sólber	47 -
Lerki	49 -
Runnar	136 -
Samt.	<u>2545 -</u>

Plöntur sendar frá Plöntusölnunni í Reykjavík 7200 stk. birki  
2200 stk. blágreni og 2700 stk. hvítgreni.

*Alh*

h) Plöntur til afhendingar vorið 1957.

Skógarplöntur.

Kontortafura 1001-250-53 Skagvay 3/0	15.000 stk.
Skógarfura Troms-hlíðar 3/0	20.000 -
Skógarfura Troms-strönd 2/2	20.000 -
Sitkagreni 101-100-50 Mac-Leod 2/2	7.000 -
Sitkagreni Mac-Leod 2/2/2	5.000 -
Samt.	<u>67.000 -</u>

Garðplöntur.

Reyniviður 40-60 cm.	2.7000 stk.
Reyniviður 60-1,50 cm.	2.3000 -
Gulvíðir 1/0	1.000 -
Pingvíðir 1/0	1.000 -
Samt.	<u>7.000 -</u>

=====

5. Gróðursetningar: 1956

"Farfuglar" gróðursettu í Sleppugili eins og venjulega, 1500 stk. rauðgreni 2/2 (Fellingfors) og 500 stk. sitkagreni 2/2 (Mac-Leod).

Gróðursetning undanfarinna ára hefur heppnast mjög vel í Sleppugili og vöxtur plantna þar mjög góður t.d. eru sitkagreniplöntur frá P.Bay, sem gróðursettar voru 1952, margar hverjar orðnar 60-80 cm. á hæð. Það sama er að segja um rauðgreni frá Rana plantað 1952. Þennan góða árangur þakka ég hvað snemma vors hefur verið gróðursett.

Í Skarfanesi voru gróðursettar 10.000 stk. skógarfura 2/2 (Troms-strönd) 200 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) og 500 stk. lerki 1/0 (Altaí). Af gróðursetningum fyrri ára, er það að segja, að vöxtur er þar mjög misjafn. Skógarfura, sem gróðursett var þar árið 1950



## 5. Gróðursetningar frm.h.

eru margar hverjar orðnar 50-80 cm. en sumar hafa ekki vaxið neitt síðan þeim var plantað. Töluvert bar á kali á skógarfuru.

Skógræktarfélag Árnesinga plantaði á Snæfoksstöðum 7500 stk. rauðgreni 2/2 (Fellingfors) 5000 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) 1000 stk. blágreni 2/2 sendu frá Hallormsstað og 1600 stk. hvítgreni 2/2, einnig sendu frá Hallormsstað.

Á vegum Skógræktarfélags Rangæinga var plantað í Fljótshlíðargirðingu 1000 stk. sitkagreni 2/2 (seward) 1000 stk. rauðgreni 2/2 (Bindal) og 200 stk. lerki 2/2 (Hakaskoja). Í hreppsgirðingu Austur-Eyfellinga 1500 stk. sitkagreni 2/2 (seward). Í hreppsgirðingu Vestur-Eyfellinga 1500 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) 200 stk. rauðgreni 2/2 (Fellingfors). Í Skógaskólagirðingu 500 stk. rauðgreni 2/2 (Fellingfors) 1000 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) og 100 stk. hvítgreni frá (Lawing).

Skógræktarfélag Mýrdælinga plantaði í Sólheimakotsgirðingu 7000 stk. sitkagreni 2/2 (Seward) og í Heiðardalsgirðingu 1000 stk. rauðgreni 2/2 (Fellingfors) og 2000 stk. sitkagreni 2/2 (Mac-Leod).

Skógræktarfélagið "Mörk", 3000 stk. skógarfuru 3/0 (Troms-strönd) 1500 stk. rauðgreni 2/2 (Fellingfors) 1000 stk. sitkagreni 2/2 (Seward), mestmegnis var þessu plantað í Holtsdalsgirðingu.

## 6. Byggingar og viðhald.

Engar nýbyggingar voru á árinu, en húsum og mannvirkjum haldið við eftir föngum.

## 7. Vegagerð.

Skarfanessvegur var lagfærður, herfað var með diskherfi og farið yfir veginn með drögu og af því að jarðvegur er þarna sendinn verður vegurinn samilegur.

## 8. Leiðbeiningar og ferðalög.

Stórt átak var gert í skógræktarmálum Rangárvallasýslu, stofnaðar 9 skógræktardeildir innan vébanda Skógræktarfélags Rangæinga og unnið eitthvað í öllum deildum og allar fengu deildirnar einhverjar leiðbeiningar á árinu.

Skógræktarfélag Árnesinga, fékk leiðbeiningar og hjálp við gróðursetningu o.fl. á Snæfoksstöðum.

Um mánaðarmótin júlí-ágúst, fór ég ásamt skógræktarstjóra og skógarvörðum í kynnisferð til Noregs í boði norska skógræktarfélagsins.

Í september fór ég austur á Síðu og kom meðal annars í Holtsdal og að Kirkjubæjarklaustri.

Eins og venjulega fór ég nokkrar ferðir í skóglendi skógræktar ríkisins, Þjórsárdal, Þórsmörk og Skarfaness.

## 9. Trjámælingar rannsóknir og landmælingar.

Trjámælingar voru gerðar á sitkagrenilundinum í brekkunni á Tumastöðum. Alaskaöspinni frá 1944 og 1949 í Múlakoti, sitkagreninu frá 1936, lærkinu vestast í stöðinni og nokkrum sitkagrenitrjám uppi á berginu

## 10. Ýmislegt.

Fluttar voru 17 sitkagreni úr brekkunni á Tumastöðum og plantað í röð austast í Múlakotsstöðinni.

10. Ýmislegt frm.h.

Í sumar lét ég telja gesti sem komu í Múlakotsstöðina, talið var í tvo surnudaga og hvorn dag komu rúmlega 300 gestir.

Plantað var töluverðu af alaskalúpínu í Þveráragirðingu, en plöntunin heppnaðist ekki vel sökum þurka eftir plöntun. Safnað var fræi af lúpínu bæði í Múlakotsstöðinni og Þveráragirðingu.

Sitkagreni var plantað með 2 ja metra millibili í norður og suður skjólbeltin í gróðrarstöðinni á Tumastöðum samt. 300 stk.

Tumastöðum 31.des. 1956.

*Gardar Jónsson*